

REGLUGERÐ

um Þjóðmenningarhúsið.

1. gr.

Hlutverk.

Þjóðmenningarhúsið skal þjóna sem vettvangur til að kynna íslenska sögu og menningararf. Jafnframt skal þar látin í té aðstaða fyrir sýningar, fundi, samkomur og aðra viðburði. Notkun hússins skal þó ætíð taka tillit til friðunar þess og sögulegs verðmætis.

2. gr.

Sýningahald.

Starfsemi í húsinu skal einkum felast í sýningahaldi, bæði föstum sýningum og styttri sýningum. Í sýningum skal einkum lögð áhersla á sögu og menningu þjóðarinnar, sjálfstæði landsins og stjórnskipun og bókmenntir þjóðarinnar fyrr og síðar.

Hafa skal samstarf við opinber söfn og stofnanir sem sinna menningarsögu eftir því sem kostur er, m.a. með því að efna til sýninga í samvinnu við aðrar stofnanir, félagasamtök og einkaaðila innanlands, svo og erlenda sýningahaldara.

3. gr.

Önnur starfsemi.

Heimilt er að leigja stofur og sal Þjóðmenningarhússins til funda og annarra samkoma. Um afnot af sal gilda eftirfarandi takmarkanir:

- a. Sýningar. Salurinn er einkum ætlaður til sýningahalds. Almennt skal miða við að sýningar þar séu til skemmri tíma og hægt að víkja þeim til hliðar til að rýma fyrir öðrum afnotum af salnum.
- b. Fundir o.þ.h. Leigja má salinn fyrir fundi, ráðstefnur og minni samkomur. Jafnan skal innheimt gjald fyrir slík afnot.
- c. Móttökur o.þ.h. Leigja má salinn fyrir móttökur á vegum ráðuneyta eða Alþingis að því tilskildu að viðkomandi ráðherra eða forseti Alþingis sé viðstaddur.
- d. Veislur og borðhald. Veita má afnot af salnum fyrir veislur og borðhald með sömu skilyrðum og um getur í staflið c.
- e. Gjaldskrá. Forstöðumaður Þjóðmenningarhúss setur gjaldskrá fyrir afnot af salnum. Skal hún staðfest af forsætisráðuneyti.

4. gr.

Forstöðumaður.

Forsætisráðherra skipar forstöðumann hússins til 5 ára í senn og setur honum erindisbréf. Hann ber ábyrgð á þeirri starfsemi sem fram fer í húsinu, rekstri og fjárhag þess. Hann sér um framkvæmd mála sem ráðherra felur honum og kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar.

5. gr.

Stjórn.

Forsætisráðherra skipar þrjá menn í stjórn Þjóðmenningarhússins til fjögurra ára í senn. Einn þeirra skal tilnefndur af menntamálaráðherra og annar af fjármálaráðherra.

Stjórn Þjóðmenningarhúss fjallar um sýningahald og faglega starfsemi í húsinu. Í því skyni skal hún setja langtímaáætlun um stefnumörkun og megináherslur í starfsemi hússins,

sem forstöðumaður undirbýr. Forstöðumaður framfylgir áætlun stjórnar og gerir til hennar tillögur um einstakar sýningar í samræmi við hana.

Forstöðumaður upplýsir stjórn Þjóðmenningarhúss um fjárhagsmálefni og rekstur hússins og ráðfærir sig við stjórn um gerð fjárhagsáætlana, þ.m.t. fjárlagatillagna.

6. gr.

Starfsfólk.

Forstöðumaður ræður starfsfólk og ákveður starfssvið þess í samræmi við þarfir stofnunarinnar. Skrifstofustjóri skal vera staðgengill forstöðumanns í fjarveru hans.

7. gr.

Samráðsnefnd.

Stjórn Þjóðmenningarhússins er heimilt að kveðja sér til samráðs sérstaka samráðsnefnd í því skyni að samræma sýningahald og efla samvinnu milli stofnana á sviði lista og menningarmála. Í samráðsnefndinni skulu sitja fulltrúar frá Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Landsbókasafni-Háskólabókasafni, Þjóðminjasafni og Þjóðskjalasafni, svo og fleiri menningarstofnunum eftir því sem þörf þykir.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytinu, 24. september 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.